

II EFTA-STOFNANIR

- 1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**
- 2. Eftirlitsstofnun EFTA**
- 3. EFTA-dómstóllinn**

III EB-STOFNANIR

- 1. Framkvæmdastjórnin**

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 47/2011

2011/EES/43/01

frá 20. maí 2011

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2010 frá 11. júní 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/144/EB frá 30. nóvember 2009 um tiltekna íhluti og eiginleika dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/144/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 89/173/EBE ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti 23. liðar (tilskipun ráðsins 89/173/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32009 L 0144:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/144/EB frá 30. nóvember 2009 um tiltekna íhluti og eiginleika dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 33).“

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í neðanmálsgrein við lið 5.4.1 í III. viðauka A, í aðra málsgrein fyrsta undirliðar í 4. viðbæti IV. viðauka og í lið 2.1.3 í V. viðauka:

„IS fyrir Ísland, FL fyrir Liechtenstein, 16 fyrir Noreg.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/144/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. maí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 10, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 49, 16.9.2010, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 33.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 67, 10.3.1989, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. maí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.